

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um breytingar á kirkjusókn í N.-Múlaprófastsdæmi. 126
22. sept.

Með skirskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 19. þ. m., varðandi tilmæli heimilismanna á fjórum bæjum í Kirkjubæjarsókn í N.-Múlaprófastsdæmi (Dratthalastöðum, Ekru, Tjarnarlandi og Stóra-Steinsvaði), um að nefndir bæir megi framvegis af hagkvæmnisástæðum eiga kirkjusókn í Hjaltastaðasókn í sama prófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfundar fyrir þessari ráðstöfun svo og meðmæli yðar, samþykkir ráðuneytið með vísan til 8. gr. laga nr. 31/1952, um skipun prestakalla, að fyrrgreindir bæir skuli framvegis tilheyra Hjaltastaðasókn.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

127
15. sept.

1. gr.

Innflutningur á nýjum og ónotuðum bifreiðum skal vera frjáls, enda sé við tollafgreiðslu greitt af bifreiðum gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Liðurinn um bifreiðar í 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 75. kafli tollskrár nr. 1, 4b, d, 5a—c og e, orðist svo:

Tollskrá

Kafli Nr.

- 75 1, 4b, d, Notaðar bifreiðar, þó ekki slökkvi- og sendiferðabifreiðar, snjóbifreiðar, kranabifreiðar, steypuhrærifreiðar, vörubifreiðar og grindur, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir, og almenningubifreiðar (langferðabifreiðar og strætisvagnar).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrisamála o. fl. öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. september 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.